

Nafn námskeiðs: **Bak í bak**

Staðsetning:

Tengt: Íslenska, Miðstig (5.-7. bekkur), Stærðfræði, Yngstastig (1.-4. bekkur)

Nánari lýsing:

Bak í bak

Viðfangsefni: Að vinna með tungumál stærðfræðinnar.

Aldur: Yngsta stig og miðstig

Árstími: Allir

Tími: 1/2 kennslustund

Stutt lýsing: Nemandi raðar saman mynd úr hlutum í náttúrunni eftir fyrirmælum annars nemanda.



Hér eru kennarar á kennaranámskeiði að spreyta sig á Bak í bak.

Kennslugögn: Ýmsir hlutir og fyrirbæri sem finna má í umhverfinu, s.s. steinar, barr, greinar, grös, lauf, jafnvel rusl.

Framkvæmd:

Nemendur vinna í pörum. Hvert par finnur 4-8 hluti í umhverfinu, tvo hluti af hverri sort. Nemendur setjast niður þannig að þeir snúa baki hvor í annan. Annar nemendanna raðar hlutum fyrir framan sig í einhverja mynd og lýsir svo niðurröðuninni fyrir hinum nemandanum. Sá raðar sínum hlutum niður fyrir framan sig í samræmi við lýsinguna. Þegar báðir telja sig vera búna eru myndirnar bornar saman.

+ Þegar fyrirmyndinni er lýst er óhjákvæmilegt að nota ýmis hugtök sem þekkt eru í stærðfræðinni, s.s. fremst, aftast, efst, í miðju, neðst, hægri og vinstri.

++ Yngstu nemendunum hentar í upphafi að raða eingöngu í lóðréttu línu, 3-5 hlutum, og þjálf hugtökin *nær, næst, fjær, fjærst, í miðju*.

++ Góð hugmynd er að biðja nemendur um að raða hlutum í eitthvert form, s.s. þríhyrning, ferning, trapisu eða annað og þjálf þannig skilning þeirra á formunum.